

Fundargerð stjórnar Fíh

1. fundur stjórnar Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga starfstímabilið 2021 – 2022 mánudaginn 31. maí kl. 9:00-12:00 - fjarfundur

Mættir:

Ásdís M. Finnbogadóttir, Gísli Níls Einarsson, Guðbjörg Pálsdóttir, Guðný Birna Guðmundsdóttir, Guðrún Yrsa Ómarsdóttir, Halla Eiríksdóttir, Hildur Björk Sigurðardóttir, Hulda Sveinbjörg Gunnarsdóttir og Þóra Gunnarsdóttir.

Til afgreiðslu:

1. Fundargerð síðasta fundar.

Afgreiðsla: Fundargerðin samþykkt.

Til kynningar:

2. Mannauðsstefna skrifstofu Fíh.

Formaður fer yfir vinnu sem hefur farið fram tengt mannauðsmálum Fíh. Lögð er fram mannauðsstefna fyrir stjórn. Umræður.

Afgreiðsla: Stjórn lýsir yfir ánægju með nýja mannauðsstefnu. Mannauðsstefna Fíh er samþykkt af stjórn.

Til umræðu:

3. Ákvörðun um laun fyrir setu í nefndum, ráðum og stjórn Fíh.

Endurskoðaða þarf þóknun sem greidd er fyrir fundarsetu félagsins. Á aðalfundi árið 2018 var samþykkt launaröðun stjórnar, ráða og nefnda á vegum Fíh en ekki náðist að leggja fram nýja tillögu þar sem stofnanasamningur er ekki lokið. Formaður leggur til að málið verði tekið upp eftir að vinnu við sameiginlegan stofnanasamning við heilbrigðisstofnanir hefur verið lokið. Formaður leggur einnig til að þegar stjórn hittist á Teams verði áfram felldar niður ökustyrkur og undirbúningstími fyrir fundi helmingaður miðað við það sem er þegar stjórn hittist í húsakynnum félagsins. Umræður.

Afgreiðsla: Stjórn samþykkir tillögur formanns.

4. Kosning varaformanns Fíh, gjaldkera og ritara stjórnar.

Halla Eiríksdóttir býður sig fram sem varaformann Fíh.

Gísli Níls Einarsson býður sig fram sem gjaldkera Fíh.

Guðný Birna Guðmundsdóttir býður sig fram sem ritara stjórnar Fíh.

Afgreiðsla: Engin mótframboð komu fram og voru þau því sjálfkjörin.

5. Fundaáætlun stjórnar og ákvörðun um aðalfund 2022.

Formaður fór yfir tillögu af fundatímum út starfsárið. Lagt er upp með blöndu af Teams fundum og fundum í húsakynnum félagsins á Suðurlandsbrautinni. Einnig leggur formaður til að haldið verði í fundartíma hálfsmánaðarlega í þrjá tíma í senn í stað eins fundar allan daginn. Umræður.

Formaður leggur einnig til að aðalfundur Fíh verði haldinn 12. maí að ári.

Afgreiðsla: Stjórn samþykkir að funda hálfsmánaðarlega og að næsti aðalfundur verði þann 12. maí 2022.

6. Helstu áherslur í starfi Fíh 2021-2022.

Starfsáætlun stjórnar liggur fyrir. Forgangsröðun verkefna úr henni mun liggja fyrir eftir sumarfrí. Umræður.

Afgreiðsla: Stjórn samþykkir að formaður taki að sér að skoða starfsáætlun og kynna verkefni fyrir stjórn í lok sumars.

Önnur mál:

7. Staða mentors fyrir nýja meðlimi stjórnar

Lagt er til að mentor innan stjórnar taki að sér að leiðbeina nýjum aðilum sem koma í stjórn, jafnt aðalmönnum og varamönnum. Umræður.

Stungið upp á Hildi sem mentor.

Afgreiðsla: Samþykkt tillöguna um að Hildur verði mentor innan stjórnar.

8. Skoðanakönnun á starfsumhverfi og starfsöryggi hjúkrunarfræðinga

Lagt er til að 3 manna hópur stjórnarmeðlima verði leiðandi í vinnu við starfsöryggi hjúkrunarfræðinga. Jafnframt þarf að hafa starfsfólk skrifstofu með eftir þörfum. Einnig er lagt til að sú vinna hefjist sem fyrst þannig að hægt sé að senda út skoðanakönnun til hjúkrunarfræðinga í lok sumars eða í byrjun hausts. Umræður.

Afgreiðsla: Stjórn samþykkir hópinn og að vinna hefjist sem fyrst.

9. Punktakaup félagsmanna við orlofshús Fíh

Umræður um punktakaup í kjölfar heimsóknar formanns Orlofnefndar á stjórnarfund í vor og mun formaður fylgja málinu eftir við formann nefndarinnar.

Fleira ekki gert og fundi slitið 12:00.

Næsti fundur stjórnar Fíh er áætlaður þann 25. ágúst 2021.

Guðný Birna Guðmundsdóttir ritari stjórnar Fíh.